

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1969:

Norður-Þingeyjarsýsla.

Austurgarður I á eignarhluta í landi Austurgarða, Kelduhverfi.
Austurgarðar II á eignarhluta í landi Austurgarða, Kelduhverfi.

Suður-Múlasýsla.

Höfðatún á nýbýli í landi Gestsstaða í Fáskrúðsfirði.

Árnessýsla.

Ártún á nýbýli í landi Árbæjar III í Ölfusi.
Asparlundur á nýbýli í landi Laugaráss í Biskupstungum.
Brúarhvamur á nýbýli í landi Brúar í Biskupstungum.
Brún á garðyrkjubýli í landi Flúða, Hrunamannahreppi.
Haukholt I á eignarhluta í landi Haukhólts, Hrunamannahreppi.
Haukholt II á eignarhluta í landi Haukhólts, Hrunamannahreppi.
Klif á nýbýli í landi Spóastaða í Biskupstungum.
Sauðholt á garðyrkjubýli í landi Reykjavalla í Biskupstungum.

Gullbringusýsla:

Breiðabólsstaðir II á nýbýli í landi Breiðabólsstaða, Bessastaðahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 20. janúar 1970.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

29. janúar 1970.

Nr. 18.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Guðrúnar S. Þorleifsdóttur frá Tunguhálsi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. janúar 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðrúnar S. Þorleifsdóttur frá Tunguhálsi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðrúnar S. Þorleifsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sveini Stefánssyni frá Tunguhálsi og gefinn Lýtingsstaðahreppi — eins og hann er nú — til minningar um konu hans Guðrúnu Soffiu Þorleifsdóttur, sem var húsfreyja á Tunguhálsi um fjörutíu ára skeið frá 1897 til 1938. Guðrún var fædd 31. maí 1871, d. 22. júní 1939.